

Vottun jafnlaunakerfa

Skrifað af: Administrator

Fimmtudagur, 24. september 2015 13:06

Vottun hf. býður nú fyrirtækjum og stofnunum nýja þjónustu sem er jafnlaunavottun. Um er að ræða vottun á samræmi jafnlaunakerfa við kröfur staðalsins [ÍST85](#). Staðallinn var samþykktur sem nýr íslenskur staðall árið 2012 og

[reglugerð](#)

gefin út árið 2014 sem kveður á um kröfur hins opinbera til þeirra aðila sem votta slík kerfi.

Reglugerðin byggir annars vegar á

[lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna](#)

og hins vegar á

[lögum um faggildingu](#)

. Námskeið til réttinda fyrir úttektarmenn var haldið í byrjun sumars og hafa úttektarmenn Vottunar hf. útskrifast með viðurkenningu velferðarráðuneytisins til að taka út og staðfesta vottun jafnlaunakerfa.

Vottun hf. er eina íslenska vottunarstofan sem vottar stjórnunarkerfi og er með faggildingu íslenskra stjórnvalda. Faggilding Vottunar hf. nær nú til vottunar gæðastjórnunarkerfa og umhverfisstjórnunarkerfa og mun stofan sækja um að fá samsvarandi faggildingu fyrir vottun jafnlaunakerfa. Að fenginni slíkri faggildingu verða allar útgefna vottanir stofunnar á þessu sviði faggiltar vottanir.

Vottun hf. býður fyrirtækjum og stofnunum að halda almennar kynningar fyrir stjórnendur og starfsmenn á jafnlaunakerfum og vottun þeirra, hvernig beri að túlka kröfur staðalsins og hvað þurfi almennt að liggja fyrir til að jafnlaunakerfi fái staðfestingu. Einnig býður Vottun hf. námskeið í innri úttektum, en um þær er fjallað í kafla 4.5.5 í staðlinum.

Frekari upplýsingar um jafnlaunakerfi og jafnlaunavottun má fá í bæklingnum [Jafnlaunakerfi - samkvæmt íslenska staðlinum ÍST 85](#)

og á skrifstofu Vottunar hf. (s: 570-7200). Sækja má um vottun með því að fylla út umsóknareyðublað hér til vinstri á síðunni og senda Vottun hf.